

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við brautskráningu frá Endurmenntun Háskóla Íslands Háskólabíói föstudaginn 12. júní 2020**

Kandídatar, endurmenntunarstjóri, góðir gestir

Ég óska ykkur, kæru kandídatar, innilega til hamingju með daginn og árangurinn sem staðfestur er með prófskírteinum sem þið munuð taka við hér á eftir.

Þetta er sannarlega gleðidagur. Þið kandídatar hafið lagt hart að ykkur í náminu og fært fórnir. Fjölskylda, vinir og starf hafa stundum þurft að sitja á hakanum á meðan kvöldstundir og helgarfrí fóru í að sinna krefjandi námi. En nú uppskerið þið eins og til var sáð.

Að þessu sinni geta fjölskyldumeðlimir og vinir ekki verið með okkur hér í Háskólabíó, af ástæðum sem við öll þekkjum, en ég vil nota tækifærið og færa þeim kveðjur sem fylgjast með streyminu frá þessari brautskráningu og óska þeim til hamingju með árangur ykkar allra.

Þetta er líka gleðidagur fyrir okkur starfsfólk Háskóla Íslands sem hefur kappkostað að tryggja að prófskírteinin sem þið fáið í hendur nú á eftir sé verðmætur vitnisburður um færni ykkar og þekkingu og veiti ykkur aðgang að tækifærum sem ella hefðu ekki staðið til boða.

Að þessu sinni útskrifast 174 nemendur úr 7 námsbrautum Endurmenntunar Háskóla Íslands.

Þær eru:

- Fjölskyldumeðferð – diplómanám á meistarastigi,
- Hugræn atferlisfræði í lífi og starfi,

- Jákvæð sálfræði, diplómanámi á meistarastigi,
- Nám til löggildingar fasteigna- og skipasala,
- PMTO meðferðarmenntun,
- Sálgæsla – diplómanám á meistarastigi, og
- Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun.

Ég vek sérstaka athygli á að Endurmenntun brautskráir nú í fyrsta skipti nemendur í PMTO-meðferðarmenntun, sem er meðferðarúrræði til að meðhöndla hegðunarraskarnir barna. Um er að ræða klínísku menntun, ætlaða fagfólki í klínísku starfi sem sinnir meðferð fyrir foreldra barna með aðlögunarvanda, einkum hegðunarerfiðleika. Þetta nám eykur enn á fjölbreytta námsmöguleika á vettvangi Endurmenntunar og óska ég endurmenntunarstjóra og hennar góða samstarfsfólki til hamingju með þann áfanga.

Ágætu kandidatar. Þið lukuð þessu námi við erfiðar aðstæður. Heimsfaraldur hefur geisað undanfarna mánuði með tilheyrandi afleiðingum á samfélagið allt. En faraldurinn hefur ekki bara haft áhrif á námið og kennsluna, hann er líka áminning um verðmæti þess og mikilvægi að bæta stöðugt við sig þekkingu og færni. Fyrir marga hafa aðstæður breyst mikið síðan áhrifa faraldursins tók að gæta hér á landi. Heimurinn er á hraðferð sem aldrei fyrr og mikilvægi öflugrar endurmenntunar hefur líklega aldrei verið augljósara.

Eins og ég gat um í upphafi markar brautskráning ævinlega tímamót, þar sem tvennir tímar mætast. Þannig er athöfnin hér í dag í senn lokaskref í átt að markmiði sem þið hafið sett ykkur – um leið og hún er fyrsta skrefið á vegferð sem mun leiða ykkur á vit nýrra tækifæra, með nýja þekkingu og færni í farteskinu, þekkingu og færni sem nýtist samfélagi og atvinnulífi og auðgar um leið líf ykkar.

Stefna Endurmenntunar Háskóla Íslands er að vera ávallt eftirsóknarverðasti valkostur fyrirtækja, stofnana og einstaklinga til símenntunar á Íslandi. Þetta má sannarlega einnig heimfæra upp á ykkur, kandídatar góðir, því námið hjá Endurmenntun gerir ykkur að eftirsóknarverðum valkosti fyrir samfélag og atvinnulíf. Ég óska ykkur öllum innilega til hamingju með áfangann og velfarnaðar í því sem þið takið ykkur fyrir hendur. Takk fyrir.